



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. febrúar 2021
PON21010016

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði á tímum atvinnuleysis - R20110346

Vísað er til bréfs, dagsett þann 29. janúar 2021, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði n.t.t. réttlætingu á uppsögnum á tímum atvinnuleysis.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík, 15. febrúar 2021
PON21010016

ÓJS

Svar

Viðtakandi: borgarráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: *Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um útvistun á þjónustu- og nýsköpunarsviði á tímum atvinnuleysis - R20110346*

Þann 28. janúar 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Fram hefur komið í svari við áður framlögðum fyrirspurnum Flokks fólksins að eftirspurn sé eftir hæfu starfsfólki í upplýsingatækni er á hverjum tíma mikil og því yfirleitt vandalítið fyrir aðila að fá starf við sitt hæfi utan borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr: Hvernig stenst sú fullyrðing, að ekkert mál sé fyrir fólk í upplýsingatæknigeiranum að fá aðra vinnu núna - á mestu atvinnuleysistímum í nútímasögunni? Hvernig er hægt að réttlæta þá aðgerð að segja upp reynslumiklu starfsfólki á þessum tímum – á sama tíma og meirihlutinn er að tala opinberlega um að „vernda þurfi störf borgarstarfsmanna“?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 29. janúar 2021.

Svar:

Á fundi borgarráðs 28. janúar s.l. var lagt fram svar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á rekstri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar m.t.t. útvistunar verkefna sviðsins, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. nóvember 2020. Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. febrúar s.l. var lagt fram svar PON við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á rekstri upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar í tengslum við uppsagnir á PON, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember 2020. Jafnframt hafa trúnaðargögn vegna málsins verið gerð aðgengileg borgarfulltrúum sbr. svar skrifstofu borgarstjórnar sem lagt var fram í borgarráði þann 12. nóvember 2020, 20. lið.

Í þessum ítarlegu svörum og gögnum sem þegar hafa verið lögð fram er að finna þær upplýsingar sem beðið er um.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri